

Áveitan

6. tbl. 17. árgangur. Júní 2023

Fjör í Flóa

Velkominn í Flóahreppi
2-3. JUNI

ÍBÚAR Í FLÓAHREPPI
BJÓÐA GESTI VELKOMNA Á
ÞESSA STÓRSKEMMTILEGU
FJÖLSKYLDU- OG
MENNINGARHÁTÍÐ
SEM ER STÚTFULL AF
SKEMMTUN!

*Hlökkum til að sjá
ykkur!*

*Skannaðu fyrir
dagskrá*

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Flóahreppur

KVENFÉLÖGIN Í FLÓAHREPPI

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@floaskoli.is

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur Áveitunnar.



Nú er fjölskyldu- og menningarhátiðin Fjör í Flóa að breyta á. Við vonum að íbúar og aðrir áhugasamir leggi leið sína á þá viðburði sem skipulagðir eru í tengslum við hátiðina. Það eru fyrirtæki og fjölskyldur að opna dyrnar fyrir gestum og gangandi og fulltrúar kvenfélaga, ungmennafélagsins Þjótanda ásamt íþróttáæskulýðs- og menningarnefnd sveitarfélagsins hafa lagt á sig mikið og óeigingjarnt starf við skipulag og undirbúning hátiðarinnar til að gera hana sem

ánægjulegasta fyrir okkur hin. Fyrir það eru þeim hér með færðar bestu þakkir.

Dagskrá hátiðarinnar er aðgengileg á facebook síðu sveitarfélagsins (Fjör í Flóa), Instagram (menningifloa) og á heimasíðu sveitarfélagsins www.floahreppur.is.

Ársreikningur Flóahrepps 2022

Nú hefur ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2022 verið samþykktur og undirritaður af sveitarstjórn Flóahrepps. Helstu niðurstöður úr ársreikningi eru þær að rekstrartekjur A og B hluta á árinu 2022 numu samtals 1.041,8 millj. kr., en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.010,2 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 11,9 millj. kr., en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 8,0 millj. kr. Veltufé frá rekstri A og B hluta nam 52,9 millj. kr., en 37,5 millj. kr. í A hluta.

Bókfært verð eigna sveitarfélagsins nam 1.056,3 millj. kr. í árslok 2022, eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 710,6 millj. kr. og skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins námu samtals 345,7 millj. kr. í árslok. Skuldahlutfall sveitarfélagsins í árslok 2022 nam 33,2%. Rekstrarjöfnuður sveitarfélagsins 2020-2022 var neikvæður um 5,9

millj. kr.

Ársreikningur sveitarfélagsins er aðgengilegur á heimsíðu sveitarfélagsins.

Hreinsunaráttak

Eins og fram kom í síðasta pistli þá er hreinsunaráttakið með öðru sniði en undanfarin ár. Gámasvæðið í Hrismýri á Selfossi er opið og gjaldfrjálst fyrir íbúa og atvinnurekendur í sveitarfélaginu dagana 27. maí – 3. júní, að báðum dögum meðtöldum. Við hvetjum fólk til þess að taka til hendinni og gera snyrtilegt í kringum sig. Þó að sérstakt áttak sé í gangi að vori þá eru íbúar hvattir til þess að huga að umhverfinu allt árið. Við minnum á grenndargámana við Þingborg og Félagslund þar sem hægt er að henda glieri og málmum.

Vinnuskóli Flóahrepps sumarið 2023

Erfiðlega hefur gengið að fá flokkstjóra við vinnuskóla Flóahrepps í sumar. Þónokkrir unglingar hafa sótt um starf í vinnuskólanum og bindum við vonir við að hægt verði að bjóða þeim vinnu í sumar við fjölbreytt störf innan sveitarfélagsins. Foreldrar/forráðamenn þeirra unglunga sem hafa sótt um hafa fengið upplýsingar um stöðu mála og fá frekari upplýsingar um leið og málin skýrast varðandi flokkstjórn/ verkstjórn og skipulag vinnuskólans. Miðað við stöðu mála í dag verður að teljast ólíklegt að hægt verði að bjóða upp á slátt við heimahús þetta sumarið.

Uppfærsla á þjónustukorti fyrir Flóahrepp

Markaðsstofa Suðurlands hefur tekið að sér ráðgjöf varðandi uppfærslu á korti yfir þjónustu, afþreyingu og áfangastaði í Flóahreppi. Kortið var gefið út fyrir nokkrum árum og hefur reynst vel fyrir ferðamenn og aðra. Á kortinu koma fram upplýsingar um þjónustu í sveitarfélaginu ásamt yfirliti yfir athyglisverða staði. Ljóst er að þörf er á að uppfæra upplýsingar og texta í kortinu og er hér með óskað eftir því að þjónustuveitendur og atvinnurekendur sendi upplýsingar um sína starfsemi á sveitarstjóra floahreppur@floahreppur.is ef áhugi er fyrir því að vera inni á kortinu. Þegar vinnsla kortsins verður komin vel af stað verður haft samband við þau fyrirtæki sem eru með skráða starfsemi sem gæti átt erindi inn á kortið.

Umhverfisverðlaun

Umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps auglýsti eftir tilnefningum til umhverfisverðalauna fyrir lögbýli og fyrirtæki en verðlaunin verða veitt á hátíðarhöldum þann 17. júní. Íbúar eru hvattir til þess að senda tilnefningar á formann nefndarinnar: kobbikr@gmail.com eða

nafnlaust í gegnum form á heimasíðu sveitarfélagsins undir fréttinni „tilnefningar til umhverfisverðlauna“.

Skólastjóri Flóaskóla

Pórunn Jónasdóttir hefur verið ráðin skólastjóri Flóaskóla og mun hún taka við starfinu af Gunnlaugu Hartmannsdóttur sem hefur ráðið sig til starfa við Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Pórunn starfar í dag sem skólastjóri Hörðuvallaskóla í Kópavogi og var áður aðstoðarskólastjóri og þar áður deildarstjóri og staðgengill skólastjóra skólans frá stofnun skólans árið 2006. Hún lauk meistaranámi í stjórnunarfræðum menntastofnana árið 2014 og B.Ed viðbótarnámi í stærðfræðikennslu árið 2007. Hún öðlaðist leyfisbréf til að starfa sem grunnskólakennari árið 1989 að afloknu B.Ed námi til kennararéttinda.

Pórunn er boðin hjartanlega velkomin til starfa við Flóaskóla um leið og Gunnlaugu eru þökkúð sín störf í þágu skólans og samfélagsins.

Umgengni á lóðum og lendum

Þeim tilmælum er hér með beint til eigenda og/eða umráðamanna húsa, mannvirkja og lóða í sveitarfélaginu að þeir fylgi ákvæðum í lögum og reglugerðum varðandi umgengni. Í þessu samhengi er bent á upplýsingar á vef Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem fer með eftirlit á þessum málum fyrir hönd sveitarfélagsins: <https://hsl.is/um-hsl/verkefni-fraedsla/lodir-og-lendur/>

Eitt af hlutverkum heilbrigðisfulltrúa á vegum Heilbrigðiseftirlits er að fara í eftirlitsferðir um umdæmið til að kanna almenna umgengni á lóðum og lendum.

Íbúar, frístundahúsaeigendur og atvinnurekendur eru hér með hvattir til að gera úrbætur þar sem við á í þessum efnum.

Stöðuleyfi vegna lausafjármuna

Ástæða þykir til að benda á skyldu eigenda lausafjármuna, svo sem hjólhýsa (á tímabilinu október-maí), gáma, frístundahúsa í smíðum o.fl., til þess að sækja um stöðuleyfi til byggingafultrúa eftir því sem við á. Hér má sjá leiðbeiningar frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um umsóknir vegna stöðuleyfa sem er byggð á gildandi byggingarreglugerð: <https://byggingarreglugerd.kreatives.is/wp-content/uploads/2022/09/2.6.1-Umsokn-um-stoduleyfi.pdf>

Hægt er að sækja um stöðuleyfi í Þjónustugátt UTU <https://www.utu.is/thjonustugatt-utu/> og fer gjald eftir gildandi gjaldskrá

Umhverfis- og tækni- og vísindis Uppsveita bs. <https://www.utu.is/gjaldskra-byggingarfulltrua/>

Athygli er vakin á því að stöðuleyfi er að hámarki gefið út til 12 mánaða í einu og því þarf að endurnýja stöðuleyfið árlega.

Samgöngur – vorheflun

Vegagerðin vinnur nú að vorheflun í sveitarfélaginu. Vegir eru víða í mjög slæmu ástandi og er brýnt að úrbætur verði gerðar í þeim eignum á komandi árum af hendi Vegagerðarinnar. Sveitarfélagið hefur samband við Vegagerðina reglulega vegna ástands vega og eru ábendingar frá íbúum vel þegnar. Við höfum lagt áherslu á umbætur fyrir íbúa okkar og ekki síst vegna skólaaksturs þar sem slæmir vegir verða til þess að börn á leið í og úr skóla dvelja lengur í skólabilum en ef um góða vegi væri um að ræða.

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrismýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Laugardaga: 13:00 – 16:00

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is

Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á hulda@floahreppur.is til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf er hægt að bóka viðtal.

Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á arni@floahreppur.is.

Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:

Andri Þór Erlingsson leysir Ingibjörgu Einarsdóttur tímabundið af í starfi húsvarðar í Þingborg og sinnir húsvörslu í Félagslund. Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist til Andra í síma 866-7870 eða á netfangið andrierlingsson@gmail.com.

Opnunartími skrifstofu:

Mínum á að opnunartími skrifstofu er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum. Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Hafdís bókarari og launafulltrúi: hafdis@floahreppur.is

Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Næsti fundur sveitarstjórnar:

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður þriðjudaginn 6. júní kl. 9:00 Þingborg.



Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Leikjanámskeið Umf Þjótanda

Þjótandi stendur fyrir leikjanámskeiði í júní eins og undanfarin ár. Námskeiðið verður í tvær vikur, dagana 5.-15. júní, frá kl. 8:30 - 11:00.

Námskeiðið fer fram á íþróttasvæðinu við Þjórsárver að mestu leiti. Iðkendur mæta með hollt og gott nesti með sér.

Námskeiðið er ætlað börnum sem eru að ljúka 1.- 6. bekk.

Þjálfarar verða Örvar Rafn Hlíðdal og Unnur Bjarkadóttir. Við tökum við skráningum á netfangið unnur@floaskoli.is

Hlökkum til að sjá sem flesta :)

Kær kveðja, Örvar og Unnur

17. júní

Flóahreppi

Íbúar hvattir til að draga íslenska fánann að húni að morgni dags

Flóahreppur býður öllum íbúum 90 ára og eldri upp á morgunmat heim að dyrum

Hátíðardagskrá í Einbúa kl. 14:00
Fótboltakeppni, leikir, ávörp, fjallkonan, verðlaunaafhendingar og fleira skemmtilegt

Ljúf lautarferðarstemming þar sem gestir koma með sitt eigið nesti

Fylgist með nánari dagskrá á facebooksíðum Þjótanda og Flóahrepps

Kvenfélögin, Þjótandi og Flóahreppur

Þjótandaæfingar í sumar

Umf Þjótandi verður með æfingar í sumar fyrir krakka sem voru að ljúka 1. - 6. bekk. Æfingarnar verða á föstudögum milli kl 20 og 21, á íþróttavellinum við Þjórsárver. Þjálfarar eru þær Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir. Einnig verða leikjakvöld fyrir nemendur sem voru að ljúka 7. bekk og eldri á fimmtudagskvöldum milli kl 20 og 22. Staðsetning er auglýst á facebook síðu félagsins hvert sinn.

Fjör í Flóa



2.-3. JÚNÍ

Föstudagur 2. júní

10:00 - 17:00 Ullarvinnslan Þingborg opið hús

10:00 - 17:00 Gallerí Flói opið hús

10:00 - 12:00 Skrifstofa Flóahrepps opið hús

Leikskólinn Krakkaborg opið hús verðið hjartanlega velkominn myndlistarsýning.

Föstudagskvöld

19:45 Fjölskyldukvöldganga meðfram bökkum

Hvítar ofan Langholts og Hallanda þar sem áin

rennur um skörð og kletta. Náttúra svæðisins er

falleg og þar má finna fjölbreytt fuglalíf. Gangan

hefst kl. 20 og er um 2 km sem eru léttir yfirferðar.

Mæting fyrir framan veiðikofan í landi Stóra

Ármóts. Ekið er framhjá Litla-Ármóti, þá er beygt

ad Ármótsflöt, ekið þar framhjá nokkurn spöl, beygt

til vinstri og þá er komið ad kofanum. Búið verður

ad koma fyrir merkingum. Ad lokinni göngu um

Hvítarbakka munu hjónin Davíð Ingi Baldursson og

Berglind Björk Guðnadóttir standa fyrir opnu húsi á

heimili sínu Ármótsflöt 5. Veitingar í boði á meðan

birgðir endast. Hlökkum til ad sjá ykkur, allir

velkomnir.

Laugardagur 3. júní

09:00 - 10:00 Jóga í Félagslundu, byrjum daginn á úti

Jóga ef veður leyfir (annars fært inn) Boðið verður

upp á mjúkt jógaflæði fyrir allan aldur, konur /

karlar og börn. Nærandi stund inn í daginn. Allir

velkomnir.

10:00 - 17:00 Ullarvinnslan Þingborg, opið hús.

10:00 - 16:00 Gallerí Flói opið hús

13:00 - 16:00 Lambastaðir, opið hús gestum boðið ad

skoða búgardið í heild sinni, tekið verður á móti

gestum í nýja húsinu sem var endurgert á hlaðinu,

boðið verður upp á kaffi og kleinur. Verðið velkominn.

13:00 - 17:00 Tré og list, opið hús aðgangur kr.1000 meðan á vorhátíð stendur og frítt fyrir börn. Ný verk, tónlist og leiðsögn. Einnig opið 4.júní sama dagskrá.

13:00 - 17:00 Kjúklingabúið á Vatnsenda, opið hús gestum boðið ad líta við og skoða nýju húsin. Verðið velkominn.

12:00 – 17:00 Þingborg

Hinn margróaði kókubasar kvenfélaganna verður

á staðnum, nýbakadar vöflur og kaffi til sölu ásamt

plöntu skiptimarkaði. Sölubásar verða á staðnum.

Ungmennafélagið mun halda utan um skemmtilega

dagskrá: andlitsmálning, kókuskreytingakeppni,

hjólarally og pylsusalan verður ad sjálfsgöðu á sínum stað.

Landbúnaðartækjasýningin verður glæsileg ad vanda

- sjón er sögu ríkari. Ferguson félagið mun standa

fyrir sýningu á gömlum dráttarvélum af öllum

gerðum.

Málverkasýningar - Sigrún Sigurðardóttir í

Súluholti sýnir málverk af landslagi, fuglum og

fleiru. -Ævar Örn Einarsson frá Langsstöðum sýnir

verk sem hann vann í vetur uppúr textum Bubba

Morthens.

Með mold á hnjúnum, áhugaverð sýning um

garðyrkju í Árnessýslu. Sýning er unnin upp úr

heimildum frá Héraðsskjalasafni Árnesinga ásamt

öðrum heimildum um garðyrkju í Árnessýslu.

Heimagarðar, blómagarðar, ylraekt og útiraektun.

Hvaða áhrif hefur garðyrkja haft á mannlíf og

byggðarþróun.

Jóhanna í Spákofanum mætir á Fjör í Flóa viltu vita

eithvað um framtíðina, ástina, fá ráð í gegnum

tarot, rúnir og margt fleira spennandi líttu við.

12:15 - 12:45 **Kökuskreytingakeppni** fyrir krakka 16 ára og yngri. Hægt er að keppa einn eða með öðrum í liði. Keppendur fá á staðnum einn kökubotn. Í boði er að fá hvítt smjörkrem og nammi, en einnig er leyfilegt að hafa það með að heiman. Keppendur mæta með disk undir kökuna, allt skraut, liti og áhöld. Mæting er 20 mínútum áður en keppni hefst. Skráning fer fram á heimasíðu Flóahrepps www.floahreppur.is. Skráningarfrestur er til kl 15 föstudaginn 2. júní. Ekki er hægt að bæta við keppendum eftir það. Allar nánari upplýsingar eru hjá Fanneysju á netfanginu fanneyo80@gmail.com

12:45 **Wally trúður** mætir í Þingborg og skemmtir gestum á öllum aldri.

13:15 Tilkynnt verður um kjör á íþróttafólki Flóahrepps og verðlaun veitt fyrir kökuskreytingakeppni.

14:00 **Stórskemmtileg hjólakeppni** fyrir allan aldur. Hjólaður er 600 m langur hringur á grasi, mól, eftir göngustígum og yfir trébrýr. Hver nær besta tímanum og kemst í úrslit? Keppendur mæta með eigið hjól á staðinn (ekki rafmagnshjól) og skylda er að vera með hjálm. Keppt er í þremur aldursflokkum, 10 ára og yngri, 11-16 ára, og 17 ára og eldri. Skráning fer fram á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is. Skráningarfrestur er til kl 15 föstudaginn 2. júní. Allar nánari upplýsingar eru hjá Örvari á netfanginu orvar@floaskoli.is.

15:00 Söngkonan **Frída Hansen** flytur lög fyrir gesti

Löftbolti og hoppukastalar frábær skemmtun ekki láta þetta framhjá þér fara! Eitthvað fyrir alla.

*Finndu okkur á Facebook-
Þjórn í Flóa, Instagram- Menning í
Flóa og á floahreppur.is*

Laugardagskvöld Þingborg

Kvöldvaka / Tónlistarveisla fjölbreytt og spennandi dagskrá í boði

Húsið opnar kl 20.00 tónleikar hefjast kl 21.00

Við byrjum að kveikja upp í kolunum kl 20 þar sem gestum verður boðið upp á girnilegt kjötsmakk og léttar veigar verða seldar á staðnum.

Berglind Björk Guðnadóttir sópransöngkona opnar kvöldvökuna af sinni alkunnu snilld með fallegum söng.

Ketill Ágústsson mætir með gítarinn og flytur vel valin lög.

Sunnlenska hljómsveitin **Moskvít** stígur á svið og kynnir okkur fyrir vestrænum blús, poppi og rokki.

Ekki láta þennan frábæra viðburð fram hjá þér fara.

Aðgangseyrir kr.1.500.- aldurstakmark 16.ár en gestir undir 18 ára skulu vera í fylgd forráðamanna eftir kl. 22:00.

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR OG EIGA FRÁBÆRA HELGI SAMAN Í FLÓAHREPPI.

Íþróttáæskulyðs og menningarnefnd, Kvenfélögin og Ungmennafélagið Þjótandi.



KVENFÉLÖGIN Í FLÓAHREPPI UMF. ÞJÓTANDI FLÓAHREPPUR



Skógræktarfélag Villingaholtshrepps

Gleðilegt sumar kæru sveitingar nær og fjær.

Aðalfundur félagsins var haldin 17. apríl síðast liðinn og starf sumarsins mótað. Reiturinn okkar þarfnast umönnunar og margar heldur vinna létt verk. Mikilvægt er þó að minna á að það er samt alltaf gaman hjá okkur, sama hvaða verkefni við tökum okkur fyrir hendur. Takið daganna frá!

15. maí 2023 - kl. 19:30



Stjórnin

Vinnukvöld í Skagás. Ýmis verkefni framundan t.d. safna greinum úr skóg á einn stað svo hægt sé að kurla, gönguleiðir, loka "sárum" með heyi svo eitthvað sé nefnt. Mælum með því að grípa með sér hressingu fyrir smá auka stemmingu.

19. júní 2023 - kl. 18:00



Skógarganga að Tumastöðum, Fljótshlíð. Hrafn Óskarson tekur á móti okkur við starfsmannahúsið á Tumastöðum og sýnir okkur skóginn og segir frá því sem á vegi okkar verður. Sameinumst í bíla, pökkum smá hressingu í bakpoka og fræðumst um þennan fallega skóg sem er alveg einstakur.

20. eða 27. ágúst 2023



Vinnudagur í Skagás. Endurnýja þarf girðingu á stórum kafla og ljóst að heill dagur á eftir að fara í verkið. Mikilvægt að fá fólk og vélar til að þetta sé mögulegt. Hressing yfir daginn í boði fyrir vaskan vinnuflokk og fögnuður þegar girðingarvinnu lýkur með smá slútt fjöri.

***Allar dagsetningar birtar með fyrirvara um breytingar vegna veðurs**

PLÖNTUR!

Félagar í **Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps** sem vilja skrá sig á plöntulistann geta haft samband við Erlu Björg formann í síma 849- 0502 eða sent henni skilaboð á Facebook.

Kveðja

Stjórnin



Kæru sveitungar tek að mèt áburðardreifingu með 5 poka, GPS áburðardreifara. Endilega hafið samband ef þið viljið nýta ykkur þessa þjónustu. Victor Örn S. 789-7675

Fréttir frá Gaulverjabæjarkirkju

Þann 28. maí sl. Hvítasunnudag var fermingarmessa í kirkjunni þegar Björgvin Guðni Sigurðsson, Freyr Sturluson Schacht, Guðni Snær Davíðsson og Margrét Lóa Stefánsdóttir fermdu við hátíðlega athöfn þrátt fyrir slagveðurs rigningu og rok. Löng hefð er fyrir því að fermt er á Hvítasunnunni.

Fyrir 50 árum síðan eða árið 1973 fermdu sjö einstaklingar á Hvítasunnudag sem bar þá upp á 10. júní, þessi hópur mætti og gáfu kirkjunni höfðinglega peningagjöf eina milljón króna til minningar um fermingarsystur sína Ólöfu Guðjónsdóttur frá Hamarshjáleigu en hún lést árið 2005. Hin sem fermdu fyrir 50 árum eru: Ingi Guðjónsson sem var tvíburaþróður Ólafar, Eggert Guðmundsson frá Tungu, Þóra Bjarney Jónsdóttir frá Syðra-Velli, Árni Sigurlaugsson frá Ragnheiðarstöðum og tvíburasysturnar Áslaug og Margrét Ó. Ívarsdætur frá Vorsabæjarhóli.



Þá þjónaði Sr. Valgeir Ástráðsson sem var einnig mættur með sínum fermingarbörnum. Núna þjónaði sr. Axel Á. Njarðvík og fléttaði hann skemmtilega saman fermingunni núna og fyrir 50 árum og sagði hvað þessi gleðidagur yrði sterkur í minningunni um ókomna tíð, minnti tilvonandi fermingarbörn að þegar þau héldu upp á 50 ára fermingarafmæli sitt gætu þau hugsað að þá ætti hin 100 ára fermingarafmæli.

Á myndinni má sjá sr. Axel og Sr. Valgeir með fermingarhópanna sína. Hópnum er færðar bestu þakkir fyrir höfðinglega gjöf til Gaulverjabæjarkirkju.

Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarkirkju verður haldin í kirkjunni fimfundaginn 8. júní kl. 20:00 venjuleg aðalfundarstörf.

*Fh. sóknarnefndar
Anný Ingimarsdóttir, formaður*

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Vorfundur félagsins verður haldinn í Þjórsárverri miðvikudaginn 21. júní n.k. kl 20:00.

Kaffikonur: Sigríður M. Björgvinsdóttir, Elfa Kristinsdóttir og Hafdís Örvar.

Nýjar konur velkomnar að koma og kynna sér starf félagsins.

Stjórnin

Sumardagskrá

UMF. ÞJÓTANDA



2-3. júní Fjör í Flóa: Pylsusala, andlitsmálning, Kökuskreytingakeppni, Hjólarally

5.-15. júní: Leikjanámskeið fyrir 1. -6. bekk alls 9 skipti. Kennarar Örvar og Unnur. Verð 8000 kr.

13.-14. júní: HSK mót í frjálsum fyrir 14 ára og yngri á Selfossvelli. Þjótandi ætlar að fjölmenna!

17. júní: Hátíðardagskrá við Einbúa ef veður leyfir. Annars í Þjórsárverri. Leikir, fótboltamót og margt fleira.

Júní-ágúst: Íþróttæfingar fyrir krakka (1.-6. bekk) á íþróttasvæðinu við Flóaskóla öll föstudagskvöld.

Júní-ágúst: Leikjakvöld fyrir unglínga (7. bekk og eldri) öll fimmtudagskvöld. Staðsetningar auglýstar á FB síðum Þjótanda og fleiri miðlum.

16. júlí: Fjölskylduganga eftir hádegi frá Ölkelduhálsi niður Reykjadal. Nánar auglýst síðar, en takið daginn frá!

Júlí: Fullorðinsganga sem reynir á þrek og þol, dagsferð sem verður auglýst síðar.

Júlí/ágúst: Ungmennafélagsreiðtúrinn, auglýstur þegar nær dregur.


Verzlunarmannahelgin: Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki.



Ungmennin streyma í hús og lífga upp á Þjórsársvæðið

Sumarið kemur – spennandi verkefni

Sumarið fer vel af stað á Þjórsársvæðinu. Hingað streyma nú sumarboðarnir – ungmenni úr nærsamfélaginu sem taka þátt í sumarvinnunni okkar. Þessi hópur sinnir fjölbreyttum verkefnum á svæðinu, allt frá gróðursetningu og hreinsunarstarfi yfir í einföld viðhaldsverkefni. Þess á milli fá ungmennin fræðslu í skyndihjálpt, brunavörnum og ýmis konar öryggisatriðum. Þetta unga fólk lífgar mikið upp á staðinn og er okkur mikilvægt fyrir reksturinn.



Vinna við endurnýjun véla í Búrfelli 1

Nú er stóru endurbótaverkefni í Búrfellsstöð lokið, en þar var skipt um svokallað sátur í einni af sex vélum stöðvarinnar, vél númer sex. Sátur er sá hluti vélarinnar þar sem rafmagnið myndast og liggur í kringum pólhjólið.

Eldra sátrið var farið að sýna þreytumerki og hafði bilað nokkrum sinnum undanfarin ár, en það var framleitt árið 1993 og var af Toshiba-gerð. Eftir útboðsferli var gengið til samninga við Koncar frá Króatíu um smíði á nýju sátri og tók hún eitt ár, en það kom til landsins um miðjan nóvembermánuð.

Hafist var handa við sáturskiptin í annarri viku janúar, ásamt því að rafrænar og vélrænar varnir vélarinnar voru endurnýjaðar og hluti kælikerfisins einnig. Verkefnið gekk afar vel og tók ellefu vikur frá upphafi til enda. Vælin var afhent til rekstrar í dymbilvikunni og hefur unnið rafmagn síðan þá.

Fyrirhugað er að vinna við sátur hinna fimm vélanna í Búrfellsstöð, en ekki er búið að ákveða hvenær eða hvernig þeirri vinnu verður nákvæmlega hagað.



Sjálfbærni í eldhúsinu í Eiríksbúð

Starfsfólk mótuneytisins okkar í Eiríksbúð í Búrfelli er annálað fyrir frábærar veitingar og vinnur markvisst að því að auka sjálfbærni í rekstri eldhússins m.a. með því að kaupa inn meira og meira hráefni í nærsamfélaginu. Ekki nóg með það, heldur hefur mótuneytið nú tekið í notkun sinn eigin reykofn og hefur þar að auki skipulagt ræktun á grænmeti og kryddjurtum. Allt er þetta hluti af því að minnka kolefnissporið og efla heilsu starfsfólks.



Haldið er upp á hátíðisdaga í eldhúsinu til að gleðja starfsfólkið. Þorinn er að vonum vinsæll, enda er súrmaturinn framleiddur á staðnum. Það sama má segja um bolludaginn, en þá eru framleiddar bollur í eldhúsinu fyrir allt starfsfólkið og alla þá verktaka sem eru að störfum á svæðinu. Það er ekki að ástæðulausu að fólk kveður Þjórsársvæðið með söknuði þegar fara þarf í önnur verkefni.

Árlokur í Ísakoti

Um þessar mundir standa yfir viðgerðir á árlokum í Ísakoti, en þær stýra vatni í gegnum straumgáttir lokumannvirkis Búrfellsstöðvar. Gert hefur verið við tvær lokur á síðustu árum og nú er verið að vinna í þriðju lokunni af fjórum.

Til þess að geta fjartægt lokurnar þarf að byrja á því að lækka í tóninu svo hægt sé að koma fyrir varalokum. Henni er fleytt að lokumannvirkinu, hún sett uppá rönd og fyllt af vatni svo hún sökkvi. Því næst er þétt meðfram henni og ef engir lekar eru er lokan hífð upp. Þetta er mikil framkvæmd, enda er varalokan 22 metra löng og 36 tonn að þyngd. Árlokan, sem er 20 metra löng og 15 tonn, er flutt í bæinn á verkstæði þar sem hlúð er að henni, hún sandblásin og máluð. Á staðnum er svo unnið að viðgerðum á lokumannvirkinu. Þegar viðgerðum er lokið er árlokunni skilað aftur á sinn stað, varalokan tekin upp aftur, og árlokan prófuð.

Erlendir ferðamenn jákvæðir

Gallup framkvæmdi nýlega könnun fyrir Landsvirkjun um viðhorf erlendra ferðamanna til orkuvinnslu á Íslandi. Skemmst er frá því að segja að næstum allir erlendir ferðamenn sem svörðu, eða yfir 96%, höfðu jákvætt viðhorf til endurnýjanlegra orkugjafa á Íslandi. Nærri 73% svarenda sögðu að nýting endurnýjanlegra orkugjafa hefði jákvæð áhrif á upplifun sína af íslenskri náttúru. Aðeins 1% var neikvætt en hin 26% voru hlutlaus. Við erum auðvitað mjög ánægð með þessar niðurstöður og viljum gjarnan halda áfram að styðja við þessa jákvæðu upplifun ferðamanna.

landsvirkjun.is/frettir/endurnyjanleg-orka-og-ferdamenn

Eldvarnaæfing

Árleg voræfing slökkviliðs Brunavarna Árnessýslu og Landsvirkjunar á Þjórsársvæði var haldin í Hrauneyjafossstöð í lok apríl. Hún hófst á því að vaktmenn Landsvirkjunar tilkynntu slökkviliði um reyk í stöðvarhúsinu og að tveggja manna væri saknað. Tíu slökkviliðsmenn héldu á vettvang og á leiðinni voru samskipti og upplýsingaöflun æfð. Reykkafarar fóru inn í húsið, fundu fljótt mennina sem saknað var og björguðu þeim út.

Æfingar sem þessar eru haldnar tvisvar á ári og eru mikilvægur liður í að tryggja að allt fari sem best fram ef til raunverulegs atburðar kemur. Á öllum æfingum koma upp atriði sem þarf að huga að og með því að koma auga á þau gefst okkur kostur á að bregðast við með fyrirbyggjandi hætti.

Á æfingunni í Hrauneyjafossstöð æfðu starfsmenn Landsvirkjunar sig í notkun á flóttagrímum á meðan beðið var eftir slökkviliðinu, en allar stöðvar Landsvirkjunar eru búnar slíkum grímum til að auka öryggi starfsmanna ef rýma þarf reykfyllt stöðvarhús. Auk brunæfinga koma starfsmenn slökkviliðsins að kennslu og þjálfun fyrir starfsfólk tvisvar á ári. Þar fá ungmenni úr nærsamfélaginu að prófa að slökkva eld með slökkvitæki og eldvarnarteppe, ásamt því að fá fræðslu um eldvarnir almennt.



Styttist í upphaf framkvæmda við Hvammsvirkjun

Sem kunnugt er veitti Orkustofnun virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun í lok síðasta árs. Nú er beðið eftir framkvæmdaleyfi frá Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi, en sótt var um það um leið og virkjunarleyfi lá fyrir, í desembermánuði.

Eiginlegar framkvæmdir við virkjunina eru ekki hafnar, en nú í maímánuði lauk jarðkönnun í svokölluðu þrýstipípustæði, við fyrirhugað stöðvarhús. Með rannsóknunum var staðfest staðsetning á sprungum í klöpp sem taka þarf tillit til við hönnun pípunnar og undirlags hennar. Þá verða plöntur fjarlægðar úr vegstæði fyrirhugaðs aðkomuvegar, sem nær frá enda Hvammsvegur að virkjunarsvæðinu á jörð Hvamms 1. Landeigendur munu nýta plönturnar. Nýja vegstæðið hefur verið verið afmarkað með flaggalinum.

Framkvæmdir við nýjan aðkomuveg, vinnuþlön og vinnslu efnis úr frárennslisskurði til vegagerðar voru boðnar út í maímánuði. Útboðið var auglýst á evrópska útboðsvefnum (TED), á www.útboð.is, í Morgunblaðinu og í Dagskránni, fréttablaði Suðurlands.

Vinna hefst í byrjun júlí ef framkvæmdaleyfi liggur þá fyrir. Væntanlegt útboð á aflvélum fyrir virkjunina hefur verið kynnt á evrópska útboðsvefnum (TED) og gert er ráð fyrir að útboðsferli hefjist á næstu vikum. Stefnt er að útboði byggingarframkvæmda í haust.

Núverandi áætlanir miða við að eiginlegar virkjunarframkvæmdir hefjist á fyrri hluta árs 2024 og virkjunin verði gangsett að loknum framkvæmdum árið 2027.

Skógarganga Tumastaðir

*Skógarganga að Tumastöðum,
Fljótshlíð - 19. júní nk. kl 18:00.*

Hrafn Óskarson tekur á móti okkur við starfsmannahúsið á Tumastöðum og sýnir okkur skóginn og segir frá því sem á vegi okkar verður.

Sameinumst í bíla, þökkum smá hressingu í bakpoka og fræðumst um þennan fallega skóg sem er alveg einstakur.

Kveðja

Stjórnin

***Athugið að það tekur amk. um 45 mín aka að Tumastöðum.**



Fréttir frá Flóaskóla



Nú er skólaárið senn á enda og eru fjölbreytt verkefni í gangi síðustu skóladagana. Nemendur og kennarar þeirra fara í lengri og styttri ferðir um Flóahrepp og næsta nágrenni. Yngstu nemendur skólans fara í skoðunarferð í Húsið á Eyraþakka og fjöruna á Stokkseyri og síðasta daginn fara þau í heimsókn í Egilsstaðakoti. Nemendur í 6. bekk fara í árlega vorferð þar sem þau kynna sér leyndardóma Þingavalla og Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal svo eitthvað sé nefnt. Daginn enda þau í Þingborg og gista þar eina nótt. 7. – 9. bekkur fara í dagsferð á Selfoss og enda svo í Timburhól þar sem brugðið verður á leik og endað á að grilla saman pylsur. Fastur liður að vori hjá þessum aldurshóp er gisting í tjaldi við Þjórsárver þar sem markmið margra í hópnum er að ná að vaka alla nóttina. Það er vonandi að veðurguðirnir leiki við nemendur og þau fái notið lífsins í útilegu. Nemendur 10. bekkjar enda skólagöngu sína á útskriftarferð sem þau hafa safnað fyrir í vetur. Stefnan er sett á Bakkaflöt í Skagafirði líkt og undanfarin ár og má með sannri segja að þetta sé góður endir á 10 ára námi við Flóaskóla.

Það er gangur lífsins í skólastarfinu að kveðja nemendur í 10. bekk og taka á móti nýjum nemendum í 1. bekk að hausti. Til undirbúnings fyrir grunnskólagönguna var vorskólavika dagana 8. – 12. maí. Þar fengu nemendur að kynna starfsmönnum, skólastarfinu og nánasta umhverfi skólans. Vorskólavika er mikilvægur þáttur í undirbúningi nemenda fyrir grunnskólagönguna og ekki síður fyrir starfsmenn að kynna börnunum. Eins og eflaust öllum er kunnugt unnu nemendur í Flóaskóla sinn riðil í undanúrslitum Skólahreysti og kepptu því til úrslita í lokakeppninni sem fram fór 20. maí í Laugardalshöll. Nemendur hafa æft sig af miklum krafti í allan vetur undir styrki stjórn Örvars íþróttakennara og stóðu þau sig með miklum ágætum. Liðinu fylgdi stór hópur stuðningsmanna sem fjölmennti á staðinn og hvatti sitt fólk. Til hamingju Flóaskóli með glæsilegan árangur í Skólahreysti.

Suðurlandsmót í skák fór fram 15 maí og kepptu 11 nemendur úr 7. – 10. bekk fyrir hönd Flóaskóla. Hópurinn stóð sig með mikilli prýði. Guðbergur Davíð Ágústsson hafnaði í 2. sæti í sínum aldursflokki eftir mjög harða keppni.

Skólaslit Flóaskóla verða föstudaginn 2. júní kl. 10:00 og útskrift nemenda í 10. bekk verður við hátíðlega athöfn í Þjórsárveri sama dag kl. 16:00.

Ég vil nota tækifærið og þakka nemendum og fjölskyldum þeirra kærlega fyrir samstarfið sl. ár en ég mun láta af störfum sem skólastjóri nú í júní. Við starfi mínu tekur Þórunn Jónasdóttir og óska ég henni velfarnaðar í starfi.

Með kveðju,

Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri

KARA YOGA BÝÐUR ÍBÚUM
FLÓAHREPPS Í YOGATÍMA Í
FÉLAGSLUNDI

3. JÚNÍ KL. 09:00
6. JÚNÍ KL. 17:15



Boðið verður upp á mjúkt yoga flæði fyrir fólk á öllum aldri. Nærandi stund fyrir daginn. Hver tími er um 1 klst. Þátttaka er ókeypis, vonandi sjáum við sem flesta. Munið að hafa dýnur og teppi með ykkur. Mætið tímanlega. Verið hjartanlega velkomin.



HSK mót í frjálsum- 14 ára og yngri

Nú er komið að HSK mótinu í frjálsum íþróttum fyrir 14 ára og yngri. Mótið verður á Selfossvelli 13. og 14. júní og hefst kl 17:30 báða dagana. 10 ára og yngri keppa bara fyrra kvöldið en 11-14 ára bæði kvöldin.

Keppnisgreinar eru þessar:

Stúlkur og piltar 9 ára og yngri: 60 m - 400 m- langstökk - kúluvarp.

Stúlkur og piltar 10 ára: 60 m - 400 m- langstökk - kúluvarp- hástökk.

Stúlkur og piltar 11 ára: 600 m hlaup - langstökk - kúluvarp - spjótkest-60 m hlaup- hástökk og boðhlaup.

Stúlkur og piltar 12-14 ára: 600 m hlaup - 60m grindahlaup- langstökk - kúluvarp - spjótkest- hástökk- 60 m hlaup og boðhlaup.

Þjótandi ætla að mæta með fjölmennt lið á mótið. Keppendur mæta á staðinn með foreldrum sínum og Örvar og Guðmunda Briet taka á móti krökkunum kl 17:15. Pau stýra upphitun svo allir séu klárir að byrja að keppa kl 17:30.

Við viljum að sjálfsögðu vera vel merkt á mótinu og helst að allir séu í Þjótandabol eða Þjótandapeysu.

Hægt verður að kaupa Þjótandaboli á staðnum og þeir kosta 3000 kr. Skráning er hjá Bryndísi Evu á netfangið bryndisdalbae@gmail.com í síðasta lagi um hádegisunnudaginn 11. júní nk. Mikilvægt er að skrá fyrir þann tíma til að geta keppt.



ÁFRAM ÞJÓTANDI!



Dagskrá mánaðarins:

Leikjakvöld eldri	1. júní
Fjör í Flóa	2.– 3. júní
Íþróttæfing yngri	2. júní
KarA Yoga í Félagslundi	3. júní
Leikjanámskeið Umf. Þjótanda	5. – 15. júní
KarA Yoga í Félagslundi	6. júní
Leikjakvöld eldri	8. júní
Íþróttæfing yngri	9. júní
HSK mót í frjálsum 14 ára og yngri	13.-14. júní
Leikjakvöld eldri	15. júní
Íþróttæfing yngri	16. júní
Hátíðardagskrá í Einbúa	17. júní
Skógarganga að Tumastöðum	19. júní
Vorfundur Kvenf. Villingaholtshrepps	21.júní
Leikjakvöld eldri	22. júní
Íþróttæfing yngri	23. júní
Leikjakvöld eldri	29. júní
Íþróttæfing yngri	30. júní

